

## Frumvarp til laga

um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (afurðastöðvar í kjötiðnaði).

Flm.: Þórarinn Ingi Pétursson, Águst Bjarni Garðarsson, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir, Ingibjörg Isaksen, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson, Ásmundur Friðriksson.

1. gr.

Á eftir 71. gr. laganna kemur ný grein, 71. gr. A, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði samkeppnisлага er afurðastöðvum í kjötiðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara. Leggja skal upplýsingar um slíka samninga og samstarf fyrir ráðherra til upplýsingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greiðar gerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 149., 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (120. mál). Frumvarpið er nú endurflutt nær óbreytt.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á búvörulögum í því skyni að undanþiggja afurðastöðvar í kjötiðnaði ákvæðum samkeppnisлага. Finna má svipaðar undanþágur fyrir afurðastöðvar í kjötiðnaði í helstu samkeppnislöndum Íslands og má í því sambandi benda á að innan Evrópusambandsins eru í gildi víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum til að styðja við framkvæmd hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu sambandsins.

Markmiðið með frumvarpinu er að veita innlendum kjötiðnaði tækifæri til að hagræða og til að bregðast við ört vaxandi samkeppni að utan. Í alþjóðlegum samanburði eru innlendar afurðastöðvar í kjötiðnaði örsmáar og því ekki samkeppnishæfar við afurðastöðvar á erlendum mörkuðum sem eru mun stærri og hagkvæmari rekstrareiningar. Innlendar kjötiðnaður er engu síður í vaxandi samkeppni við afurðir af erlendum mörkuðum. Afurðastöðvum í kjötiðnaði er mjög óhægt um vik að sameinast þar sem það er í andstöðu við ákvæði samkeppnisлага. Það skilar sér í of háum rekstrarkostnaði, háu verði til neytenda og lágu afurðaverði til bænda. Miðar frumvarpið að því að breyta því þannig að unnt sé að hafa yfirsýn yfir birgðastöðu og afurðastöðvar geti hagað framleiðslu sinni í samræmi við þarfir markaðarins.

Þróun síðustu missera sýnir að innflutningur kjötafurða hefur aukist umtalsvert og gæti aukist enn meira í kjölfar afnáms frystiskyldu á innfluttu kjöti. Flutningsmenn frumvarps þessa telja að innlendir aðilar standi þar höllum fæti og því sé nauðsynlegt að leggja til að afurðastöðvum verði heimilað að bregðast við samkeppninni, neytendum og bændum til hagsbóta, með því að auka hagræði í rekstrinum. Samkeppnin er við erlenda framleiðendur sem eru margfalt stærri en þeir sem hér er að finna. Með frumvarpinu er því lagt til að afurðastöðvar í kjötiðnaði verði undanþegnar ákvæðum samkeppnislagu en fyrir því eru fordæmi

þar sem mjólkuriðnaður er samkvæmt búvörlögum undanþeginn ákvæðum samkeppnislagu. Enn fremur er lagt til að slíkir samningar um sameiningu, samkomulag um verkaskiptingu og samstarf verði lagðir fyrir ráðherra landbúnaðarmála til upplýsingar.

Í umsögnum um málið á 149. löggjafarþingi kom m.a. fram að sambærileg breyting sem gerð var fyrir afurðastöðvar í mjólkuriðnaði hefði haft mikla hagræðingu í för með sér sem hefði skilað sér bæði til neytenda og bænda og að vænta mætti að sambærilegur árangur gæti náðst á kjötmarkaði ef sambærileg leið yrði farin. Í umsögnum kom jafnframt fram gagnrýni þess efnis að það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu gæti hamlað eðlilegri samkeppni og orðið þess valdandi að verðhækkanir á vörum sem undanþága gildir um sé ekki í samræmi við verðhækkanir á öðrum vörum.

Í umsögn um málið á 153. löggjafarþingi kom fram að víða meðal þjóða gilda sérstök lög um framleiðslu landbúnaðarvara með það markmið að viðhalda og skapa ramma um framleiðslu, vinnslu og markaðsmál búvöru auk þess sem fjölmörg dæmi eru um að slík lög víki frá almennum samkeppnislögum. Þá er bent á að innan Evrópusambandsins eru í gildi víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum til að styðja við framkvæmd hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Til staðar eru víðtækar heimildir innan sambandsins til markaðsíhlutunar vegna landbúnaðarafurða, þ.m.t. til opinbers stuðnings og stjórnunar framboðs afurða, heimildir til að leggja á viðbótarinnflutningsgjöld og heimildir til ráðstafana gegn röskun á markaði.

Flutningsmenn telja að samkeppni við erlenda framleiðslu vegi þyngra í verðmyndun íslenskra landbúnaðarafurða en innlend samkeppni og álíta að samkeppni við erlenda aðila muni aukast á næstu árum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að samþykkt frumvarpsins muni hafa jákvæð áhrif fyrir afurðastöðvar og bændur og hafa í för með sér hagstæðara verð